

Minnisblað

Efni: Afstaða ráðuneytisins til umsagna sem bárust velferðarnefnd

Viðtakandi: Velferðarnefnd Alþingis

Sendandi: Skrifstofa heilsuefingar og vísinda

Dagsetning: 31. maí 2023

Málsnúmer: HRN22070045

Á fundi fulltrúa heilbrigðisráðuneytis með velferðarnefnd 17. maí 2023 óskaði nefndin eftir minnisblaði frá ráðuneytinu vegna 939. máls - tæknifrjóvgun og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna (geymsla og nýting fósturvísa og kynfruma).

Óskað var eftir því að fram kæmi í minnisblaðinu hver afstaða ráðuneytisins væri við þeim umsögnum sem bárust velferðarnefnd.

Afstaða ráðuneytisins er eftirfarandi:

1. Mat á hagsmunum barna.

Í umsögnum Livio Reykjavík og Umboðsmanns barna um frumvarpið er réttilega bent á nauðsyn þess að huga að réttindum og stöðu barna og leggja sjálfsætt mat á áhrif breytinga á réttindi barna. Eins og fram kemur í frumvarpinu er markmiðið að virða vilja einstaklinga eða pars til að nýta kynfrumur eða fósturvísa við tiltekna aðstæður. Við nánari útfærslu á breytingum er fyrst og fremst tekið mið af hagsmunum barns sem kann að fæðast við þessar aðstæður og kemur það víða fram í greinargerð sem fylgdi frumvarpinu. Vert er að árétta t.d. að skilyrði þess að mega nýta kynfrumur eða fósturvísa miðast við að koma í veg fyrir árekstra mismunandi væntinga og hagsmuna sem skapað gæti togstreitu og álag fyrir barn. Einnig má minna á hið almenna skilyrði þess að framkvæma megi tæknifrjóvgun, sbr. b. lið 3. gr. laganna um tæknifrjóvgun o.fl., að ætla megi að barni verði tryggð þroskavænleg skilyrði. Kallar þetta ætíð á einstaklingsbundið mat á andlegri og líkamlegri heilsu og félagslegum aðstæðum þess sem óskar að undirgangast tæknifrjóvgun, með það að markmiði að tryggja eftir því sem kostur er hagsmuni barnsins. Í greinargerð sem fylgir frumvarpinu er að lokum farið vandlega í gegnum ákvæði barnalaga og erfðalaga til að tryggja að foreldrastaða verði skýr og réttarstaða í samræmi við hagsmuni barns.

Mat á hagsmunum barns má fyrst og fremst ráða af kafla 4. í greinargerðinni, um samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar. Í kaflanum eru tekin saman þau ákvæði stjórnarskrár og samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 19/2013 (barnasáttmálans), sem helst reynir á. Til áréttingar er um að ræða 3. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar og 7. gr., sbr. 5., 16., og 18. gr. barnasáttmálans. Þar kemur einnig fram að breytingunum sé ætlað að tryggja rétt barna sem felast í framangreindum ákvæðum.

2. Krafa um að einstaklingur þurfi að vera einhleypur.

Í umsögnum Félagsráðgjafafélags Íslands og Samtakanna 78 er gerð athugasemd við áskilnað frumvarpsins um að einstaklingur þurfi að vera einhleypur þegar tæknifrjóvgun fer fram.

Líkt og fram kemur í greinargerðinni þá getur barn einungis átt tvo foreldra samkvæmt ákvæðum barnalaga. Jafnvel þótt lögin gætu mælt fyrir um foreldrastöðu án þess að gera kröfu um að leghafi sé einhleypur var, í tengslum við mat ráðuneytisins á hagsmunum barna, talið hætt við að sú staða gæti skapað árekstra mismunandi væntinga og hagsmuna núverandi og fyrrverandi maka og með því skapað togstreitu og álag fyrir barnið. Ráðuneytið áréttar framangreint sjónarmið en leggst þó ekki gegn því að breyta frumvarpinu þannig að þessi áskilnaður verði felldur brott svo fremur sem það sé áréttað og skýrt í barnalögum hverjir eigi að teljast foreldrar barns, þ.e. annars vegar sá sem gengst undir tæknifrjóvgun og hins vegar sá sem samþykkt hefur að tæknifrjóvgun fari fram.

Verði þessu breytt telur ráðuneytið að gera þurfi breytingar á 1. tölul. b. og c. liðar 5. gr. frumvarpsins og taka þetta skýrt fram, t.d. með eftirfarandi hætti: „*Gildir þetta þrátt fyrir að sá sem gengst undir tæknifrjóvgun kunni að vera í hjúskap eða skráðri sambúð með öðrum þegar tæknifrjóvgun fer fram eða við fæðingu barns.*“

3. Gjafakynfrumur og foreldrastaða.

Í umsögn Samtakanna 78 er á það bent að eðlilegt sé í nútímasamfélagi að aðilar sem hafa slitið samvistum en eiga fósturvísa eða gjafakynfrumur í geymslu, geti heimilað fyrrum maka að nota kynfrumurnar eða fósturvísana í eigin líkama, með nýjum maka, og að nýi makinn geti verið skráður sem foreldri væntanlegs barns. Geti þetta sérstaklega skipt máli fyrir pör sem samanstanda af tveimur leghöfum þegar annar aðilinn hefur geymt gjafakynfrumur eða fósturvísa sem getnir eru með gjafakynfrumum.

Gildandi reglur um foreldrastöðu eftir tæknifrjóvgun gilda óháð uppruna kynfrumna. Þ.e. um getur verið að ræða kynfrumur frá báðum einstaklingum eða öðrum þeirra eða alfarið gjafakynfrumur. Þegar um tæknifrjóvgun er að ræða hefur löggjafinn því mælt skýrt fyrir um að samþykki þess sem óskar að verða foreldri ráði meiru en uppruni kynfrumna. Ekki þykja standa rök til þess að foreldrastaða við tæknifrjóvgun eftir andlát, skilnað eða sambúðaslit verði mismunandi eftir uppruna kynfrumna. Slíkt gæti boðið upp á að einstaklingar hreinlega segi sig frá foreldrastöðu í tilteknum tilvikum. Í því sambandi ber að árétt að nýr maki leghafa sem undirgengist hefur tæknifrjóvgun með framangreindum skilyrðum geti eftir atvikum farið með forsjá barnsins, að uppfylltum skilyrðum 29. gr. a barnalaga, eða jafnvel stjúpættleitt barnið, að uppfylltum skilyrðum ættleiðingalaga.

4. Skráning foreldrastöðu.

Í umsögn Þjóðskrár Íslands eru gerðar athugasemdir við skráningu á foreldrastöðu og breytingar á skráningu. Þess má geta að athugasemdir Þjóðskrár lágu fyrir við ritun frumvarpsins og komið var til móts við þær eftir atvikum.

Í fyrsta lagi bendir Þjóðskrár Íslands á að frumvarpið feli í sér veigamikla breytingu við skráningu foreldris við fæðingu barns. Í greinargerð sem fylgir frumvarpinu eru raktar þær breytingar sem gerðar hafa verið á barnalögum frá setningu laga um tæknifrjóvgun. Hér verður sérstaklega að undirstrika þá breytingu sem gerð var með breytingarlögum nr. 65/2010, sem ætlað var að taka af öll tvímæli um að 6. gr. barnalaga eigi alfarið við um foreldrastöðu eftir tæknifrjóvgun, sem framkvæmd er samkvæmt lögum. Ef barn verður til við formlega tæknifrjóvgun ræðst foreldrastaða því ekki af pater/parent-est reglum barnalaganna heldur ræðst hún af afstöðu þeirra sem standa saman að formlegu tæknifrjóvgunarferli, sbr. nú 6. gr. og 6. gr. a barnalaga. Með breytingarlögum nr. 49/2021 var skerpt á ákvæði 7. gr. barnalaga

um skráningu faðernis barns og er nú hvort tveggja tekið fram að skrá skuli upplýsingar um faðerni og að setja skuli nánari reglur um skráningu, þ.m.t um tæknifrjóvgun. Ástæða þess að ákvæðinu var breytt var fyrst og fremst sú að í ljós kom að Þjóðskrá Íslands hafði ekki breytt framkvæmd skráningar á foreldrastöðu í kjölfarið breytingarlaganna frá 2010, þ.e. pater-est reglan var ranglega látin gilda um gagnkynhneigð pör án tillits til tæknifrjóvgunar en lesbískum pörum ætlað að staðfesta að um tæknifrjóvgun hefði verið að ræða. Með lagabreytingunni 2021 átti að leiðrétta þetta og um leið átti ný reglugerð að tryggja að upplýsingar um fæðingu barns eftir tæknifrjóvgun lægju fyrir í öllum tilvikum. Umrædd reglugerð hefur ekki verið sett.

Í þeim breytingartillögum sem hér eru lagðar til er skerpt ennfrekar á þessum atriðum. Eins og tekið er fram í greinargerð með frumvarpinu verður að undirstrika mikilvægi þess að við fæðingu barns liggi fyrir réttar upplýsingar um foreldrastöðu. Löggjafinn hefur þegar valið að gera greinarmun á foreldrastöðu eftir því hvort formleg tæknifrjóvgun fer fram eða ekki. Ræður hér mestu sú þróun sem hefur átt sér stað á þessum sviðum, ekki síst með notkun gjafakynfrumna. Eins og fram kemur í umsögn Umboðsmanns barna er í 7. gr. barnasáttmálans kveðið á um rétt barna til að þekkja uppruna sinn. Í 8. gr. kemur fram að barn eigi rétt á að viðhalda því sem auðkennir það sem einstakling, sá réttur á einnig við um líffræðileg einkenni eins og læknis- og erfðafræðilegar upplýsingar. Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna hefur jafnframt áréttað að börn eigi rétt á að fá aðgang að upplýsingum um erfðafræðilegan uppruna sinn, þar sem slíkar upplýsingar séu hluti af því sem einkennir barnið, sbr. 8. gr. sáttmálans. Þær breytingartillögur sem finna má í frumvarpinu stuðla að því að ætíð liggi fyrir hvort barn hafi verið getið við tæknifrjóvgun og skapa með því nauðsynlegan grundvöll þess að barn geti öðlast rétt til að þekkja uppruna sinn. Mikilvægt er að styrkja þennan rétt barns óháð fjölskyldugerð.

Varðandi skerðingu á friðhelgi einkalífs foreldra er vert að undirstrika að í dag eru einhleypir einstaklingar sem eignast barn spurðir um faðerni, þ.e. ætlað að upplýsa við hvern voru hafðar samfarir á getnaðartíma barns. Þá virðist ekki hafa verið dreginn í efa réttur til að spyrja lesbísk pör hvort þær hafi undirgengist tæknifrjóvgun. Ennfremur má benda á að rétt skráning foreldrastöðu er til þess fallin að vernda friðhelgi fjölskyldulífs foreldranna. Með breytingartillögum í frumvarpinu er skotið styrkari stoðum undir rétt og skyldu til að skrá foreldrastöðu eftir fæðingu barns og að sú staða verði í samræmi við foreldrareglur barnalaganna. Þykja ofangreind sjónarmið um hagsmuni barns ótvírætt réttlæta það inngríp sem þetta kann að hafa í rétt foreldra til friðhelgi einkalífs.

Í öðru lagi beinast athugasemdir Þjóðskrár Íslands að breytingu á skráningu foreldrastöðu. Í umsögninni virðist litið svo á að ákvæði 3. tölul. d. liðar 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins feli í sér heimild þjóðskrár til að breyta foreldrastöðu barns. Eins og fram kemur í skýringum með umræddu ákvæði felur það alls ekki í sér heimild til að breyta foreldrastöðu heldur einungis heimild til að leiðrétta ranga **skráningu** á foreldrastöðu. Undirstrika ber að það eru foreldrareglur barnalaga sem ráða úrslitum um löglega foreldrastöðu en ekki skráning í þjóðskrá. Ef í ljós kemur ósamræmi milli löglegrar foreldrastöðu og skráningar barns í þjóðskrá, t.d. vegna rangra eða ófullnægjandi upplýsinga, er mikilvægt að unnt sé að leiðrétta skráninguna til samræmis við rétta foreldrastöðu. Er sérstaklega tekið fram í athugasemdum með ákvæðinu að grundvallarmunur sé annars vegar á leiðréttingu á skráningu og hins vegar á vefengingar- og ógildingarmálum skv. III. kafla barnalaganna. Leiðrétting á skráningu nær einungis fram að ganga ef í ljós kemur að skráning sé ekki í samræmi við foreldrareglur barnalaga. Ef skráning er á hinn bóginn í samræmi við foreldrareglur laganna er einungis unnt

að breyta faðerni eða foreldrastöðu með því að höfða vefengingar- eða ógildingarmál eftir atvikum.

Gert er ráð fyrir að útfært verði nánar í reglugerð, skv. 6. mgr. 7. gr. barnalaganna, t.d. hvaða gögn Þjóðskrá Íslands og eftir atvikum ráðuneytið getur óskað eftir frá heilbrigðisstofnunum vegna slíkra mála, svo sem gögn um tæknifrjövgun hér á landi. Hér má einnig líta til ákvæða 6. og 7. gr. laga nr. 140/2019 um skráningu einstaklinga. Samkvæmt 6. gr. ber að skrá í þjóðskrá m.a. upplýsingar um vensl einstaklinga. Samkvæmt 7. gr. má Þjóðskrá Íslands, eftir því sem heimildir leyfa og þörf krefur, taka tillit til upplýsinga sem áhrif hafa á skráningu og stofnunin aflar sjálf eða henni berast á einn eða annan hátt.

Hér má að lokum nefna dóma sem bera með sér að skráning foreldrastöðu verði að byggjast á foreldrareglum barnalanna og að skráningu á foreldrastöðu hafi verið breytt eftir að í ljós kom að fyrri skráning var ekki byggð á lögum en nýjar upplýsingar báru með sér löglega foreldrastöðu. Má nefna Hrd. 15. febrúar 2000 í máli nr. 37/2000 (skráningu faðernis breytt eftir að nýjar upplýsingar lágu fyrir), Hrd. 28. apríl 2008 í máli nr. 183/2008 (fyrirliggjandi gögn fullnægðu ekki kröfum barnalaga um faðernisviðurkenningu – málið gat því hvorki talist vefengingar- né ógildingarmál) og Hrd. 30. mars í máli nr. 367/2016 (staðgöngumæðrun – ósk um skráning hafnað þar sem hún samræmdist ekki ákvæðum barnalaga).